

ÁRSSKÝRSLA UNDAÐÁGUNEFDAR GRUNNSKÓLA
skólaárin 2014-2015 og 2013-2014

Mai 2016

Undanþágunefnd grunnskóla er skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra, sbr. ákvæði 18. laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Nefndin metur umsóknir skólastjóra um heimild til að lausráða starfsmann sem ekki hefur leyfi mennta- og menningarmálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari. Um starfsreglur nefndarinnar er nánar kveðið á um í reglugerð nr. 440/2010 um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla.

Nefndin er þannig skipuð:

Erla Ósk Guðjónsdóttir, formaður, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis
Rósa Ingvarsdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands
Sólveig B. Guðmundsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga
María Steingrimsdóttir, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins.

Varamenn eru:

Kristrún Birgisdóttir, varaformaður, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis
Ólafur Loftsson, fulltrúi Kennarasambands Íslands
Björn Þráinn Þórðarson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga
Ingvar Sigurgeirsson, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins.

Nefndin er skipuð til fjögurra ára og lýkur skipunartímabili hennar 11. mars 2017.

Samkvæmt reglugerð [nr. 440/2010](#) um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla ber nefndinni að senda mennta- og menningarmálaráðherra og þeim sem tilnefna fulltrúa í nefndina, skýrslu um starfsemi nefndarinnar.

Vakin er athygli á að upplýsingar þær sem birtar eru í þessari skýrslu miðast við umsóknir skólaárin 2014-2015 og 2013-2014. Nánari greining umsókna miðast við **samþykktar umsóknir**. Skólaárið miðast við 1. ágúst til og með 31. júlí ár hvert.

Hér á eftir má finna nokkrar tölulegar samantektir fyrir ofangreind skólaár og til samanburðar eru upplýsingar allt frá skólaárinu 2002-2003.

Skólaárið 2014-2015

Alls voru teknar 206 umsóknir til afgreiðslu.

Af þeim voru **164 umsóknir samþykktar** en synjanir voru 42.

Skólaárið 2013-2014

Alls voru teknar 158 umsóknir til afgreiðslu.

Af þeim voru **136 umsóknir samþykktar** en synjanir voru 22.

Á milli skólaárána 2014-2015 og 2013-2014 er um **20,6% fjölgun** samþykktra umsókna að ræða og á milli skólaárána 2013-2014 og 2012-2013 er um **47,8% fjölgun** samþykktra umsókna milli skólaárána að ræða, sjá nánar í töflu 1 hér á eftir, þar sem sjá má yfirlit yfir heildarfjölda umsókna, samþykktar umsóknir og umsóknir sem nefndin hefur synjað frá skólaárinu 2002-2003.

Eins og tölurnar bera með sér þá hefur orðið mikil fækkun umsókna frá skólaárinu 2002-2003 þegar samþykktar umsóknir voru 718 miðað við 164 skólaárið 2014-2015 eða um 77%. Fækkunin hefur verið stigmínkandi ef frá er talið skólaárið 2007-2008 þegar umsóknum fjölgaði um 29% frá skólaárinu á undan. Frá skólaárinu 2012-2013 hefur umsóknum aftur á móti farið örlítið fjölgandi.


Tafla 1

Skólaár	Heildar fjöldi umsókna	Samþykktar umsóknir	Umsóknum synjað
2014-2015	206	164	42
2013-2014	158	136	22
2012-2013	116	92	24
2011-2012	86	56	30
2010-2011	175	118	57
2009-2010	303	238	65
2008-2009	654	477	177
2007-2008	708	506	202
2006-2007	549	411	138
2005-2006	565	439	126
2004-2005	645	527	111
2003-2004	667	667	149
2002-2003	893	718	173

Í töflu 2 má sjá skiptingu samþykktar umsókna eftir landshlutum.

Tafla 2

Samþykktar umsóknir eftir landshlutum													
Skólaár	14/15	13/14	12/13	11/12	10/11	09/10	08/09	07/08	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03
Reykjavík	17	15	9	6	9	11	103	110	72	72	84	122	162
Reykjanes	81	56	29	15	42	92	181	169	117	107	113	122	184
Vesturland	7	6	9	6	14	26	21	35	28	33	46	56	44
Vestfirðir	11	15	10	5	9	19	26	27	18	24	51	51	55
Norðurland vestra	2	5	4	7	11	11	15	14	24	30	33	57	60
Norðurland eystra	9	10	14	3	7	18	36	39	36	58	76	101	88
Austurland	18	14	11	8	19	32	41	52	47	42	54	63	61
Suðurland	19	15	6	6	7	29	54	60	69	73	70	95	64
Samtals	164	136	92	56	118	238	477	506	411	439	527	667	718
Breyting í % á milli ára	20,6	48	64,3	-52,5	-50,4	-50,1	-5,7	23,1	-7,5	-16,7	-21	-7	11,5



Skólaárið 2014-2015 reyndust 13,7% samþykktara umsókna vera vegna einstaklinga sem voru í fjarnámi til grunnskólakennararéttinda og skólaárið 2013-2014 var hlutfall þeirra sem voru í fjarnámi 7,5%.

Tafla 3

Skólaár	14/15	13/14	12/13	11/12	10/11	09/10	08/09	07/08	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03
Starfsfólk við kennslu í fjarnámi	12	18	14	12	40	97	159	196	176	146	176	201	124

Menntun þeirra sem sótt er um undanþágu fyrir er greind í 11 menntunarflokka:

1. Landspróf, gagnfræðapróf eða minni menntun.
2. Nám í framhaldsskóla án lokaprófs.
3. Stúdentspróf.
4. Starfsmenntun á framhaldsskólastigi.
5. Listnám.
6. Meistaránám í iðngrein.
7. Nám við háskóla án lokaprófs, stundum með einhverju námi í uppeldis- og kennslufræðum.
8. Nám til kennsluréttinda.
9. Háskólapróf á öðrum sviðum en þeim sem ná til kennslugreina grunnskóla, svo sem lögfræði, dýralækningar o.fl.
10. BA, BS, Ph.cand, MA, Cand.mag, Cand.phil, Cand.psyk. Mag. theol. og Dr. án fullnægjandi menntunar í uppeldis- og kennslufræðum, leikskólakennarar, þroskajálfarar og iðjuþjálfarar.

Af 136 umsóknum skólaárið 2014-2015 var 93 umsókn vegna kvenna og 43 vegna karla. Fyrir skólaárið þar á undan var 31 umsókn vegna kvenna og 25 vegna karla. Tafla 4 sýnir fjölda og hlutfall kvenna og karla eftir menntun.

Tafla 4

Hlutfall kvenna og karla eftir menntun								
2014-2015					2013-2014			
Menntunar- flokkur	Konur	%	Karlar	%	Konur	%	Karlar	%
1	1	1,8	0	0,0	1	3,3	0	0,0
2	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0
3	0	0,0	0	0,0	4	13,3	0	0,0
4	5	9,1	5	16,1	0	0,0	5	20,8
5	7	12,7	1	3,2	1	3,3	1	4,2
6	0	0,0	2	6,5	0	0,0	2	8,3
7	9	16,4	3	9,7	11	36,7	3	12,5
8	28	50,9	10	32,3	28	93,3	10	41,7
9	0	0,0	3	9,7	0	0,0	5	20,8
10	43	78,2	19	61,3	46	153,3	19	79,2
Samtals	93		43		91		45	

Þegar umsóknir eru flokkaðar eftir starfsreynslu kemur í ljós að skólaárið 2014-2015 voru flestir með enga starfsreynslu eða 84 og hið sama á við skólaárið á undan 2013-2014 þar sem flestir eða 67 voru með enga starfsreynslu. Nánari flokkun má sjá í töflu 5 hér á eftir.

Tafla 5

Starfsreynsla við kennslustörf															
Skólaár	14/15		13/14		12/13	11/12	10/11	09/10	08/09	07/08	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%
6 ár eða meiri	20	12,2	19	14,0	21,7	19,0	0,0	0,0	15,8	9,5	12,7	13,7	10,3	18,6	16,7
3-5 ár	13	7,9	18	13,2	10,9	28,6	21,2	21,8	11,5	19,5	31,1	41,2	15,7	24,6	20,8
1-2 ár	47	28,7	32	23,5	31,5	21,4	27,1	32,4	31	24,9	32,8	17,5	49,7	32,5	32,9
Engin	84	51,2	67	49,3	35,9	16,1	51,7	45,8	41,7	46,1	23,4	27,6	24,3	24,3	29,7
Samtals	164		136												

Tafla 6 sýnir hvaða kennslugreinar var sótt um. Hafa ber í huga að hver umsókn getur varðað fleiri en eina kennslugrein.

Tafla 6

Kennslugreinar								
Skólaárið	2014-2015	2013-2014		2014-2015	2013-2014		2014-2015	2013-2014
Almenn kennsla	59	43	Íslenska	14	7	Samfélagsgr.	1	6
Danska	3	3	Íþróttir	16	9	Sérkennsla	7	5
Dans	3	1	Leiklist	1	1	Smíði	13	12
Eðlisfræði	1		Listir	3	2	Stærðfræði	8	10
Enska	4	3	Lífsleikni	2		Textíl	5	4
Forfallakennsla	10	9	Myndmennt	2	1	Tónmennt	4	5
Franska	1	1	Náttúrufræði	2	2	Tæknimennt		1
Handmennt	2	1	Nýbúakennsla	1	1	Upplýsingatækni	1	1
Heimilisfræði	2	5	Pólska			Valgreinar		1

Þegar umsóknir eru flokkaðir eftir aldri kemur í ljós að flestar umsóknir sem voru samþykktar á skólaárinu 2014/2015 voru fyrir einstaklinga sem eru 31-40 ára eða 41,5%. Flestar umsóknir 2013-2014 voru einnig fyrir sama aldursbilið eða 41,2%. Nánari skiptingu má sjá í töflu 7 hér á eftir.

Tafla 7

Aldur															
	14/15		13/14		12/13	11/12	10/11	09/10	08/09	07/08	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%
20 ára og yngri	1	0,6	0	0,0	0	0	0	0	0,2	0,2		0,5	0	0	0
21 - 30 ára	40	24,4	33	24,3	30,4	17,9	21,2	21,8	31,9	29,4	19,7	21,9	20,1	23,8	25,1
31 - 40 ára	68	41,5	56	41,2	28,3	37,5	27,1	32,4	32,5	33,0	33,8	30	34,5	34,9	37,5
41 árs og eldri	55	33,5	47	34,6	41,3	44,6	51,7	45,8	35,4	37,4	46,5	47,6	45,4	41,2	37,5
Samtals	164		136												

Umsóknir skólastjóra vegna starfsmanna þar sem réttindakennari sækir um sömu stöðu.

Í örfáum tilvikum hefur undanþágunefnd grunnskóla borist umsóknir frá skólastjórum þar sem óskað er eftir heimild til að ráða starfsfólk án kennsluréttinda þrátt fyrir að fyrirliggjandi sé umsókn frá grunnskólakennara. Skv. 5. gr. reglugerðar nr. 440/2010 um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla er slíkt heimilt ef hvorki skólastjóri né a.m.k. tveir skólanefndarmenn geta mælt með ráðningu réttindakennarans og verður skriflegur rökstuðningur að fylgja umsókninni. Í þeim tilvikum er réttindakennara gefinn kostur á að tjá sig um framkomin gögn í málinu skv. IV. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Fyrir skólaárið 2009-2010 heyrði það til undantekninga að skólastjórar hafi óskað eftir því að ráða starfsmann án kennsluréttinda þegar réttindakennarar sækja um sömu kennslustöðu. Á skólaárinu 2009-2010 varð hins vegar breyting á, sbr. töflu hér að neðan og vafalaust hefur staða atvinnumarkaðsins haft áhrif á þessa þróun á því skólaári. Skólaárin fjögur frá 2010-2011 til og með 2013-2014 hefur fjöldi mála verið eins og þau voru fyrir 2009, þ.e. einungis ein umsókn verið tekin til afgreiðslu á hverju skólaári. Síðan skólaárið 2014-2015 varð um talsverða fjölgun umsókna að ræða þegar fjórar umsóknir voru teknar til afgreiðslu af nefndinni.

Skólaárið 2014-2015 voru fjórar umsóknir teknar til afgreiðslu sem ofangreint átti við um. Með hliðsjón af rökstuðningi málsaðila voru þrjár umsóknir skólastjóra samþykktar og einni umsókn var synjað.

Skólaárið 2013-2014 var ein umsókn tekin til afgreiðslu sem ofangreint átti við um. Með hliðsjón af rökstuðningi málsaðila var umsókn skólastjóra samþykkt. Einnig voru tvö mál til meðferðar þar sem nefndinni hafði ekki verið kunnugt um að réttindakennarar hefðu sótt um umræddar stöður og í þeim tilvikum með vísan til 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 4. gr. reglugerðar nr. 440/2010 um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla, voru afgreiðslur nefndarinnar í þessum tveimur málum felldar úr gildi.

Skólaár	Heildarfjöldi umsókna	Samþykktar umsóknir	Umsóknum synjað
2014-2015	4	3	1
2013-2014	1	1	
2012-2013	1	1	
2011-2012	1		1
2010-2011	1	1	
2009-2010	9	8	1

Samstarf undanþágunefndar grunnskóla við skólastjóra vegna afgreiðslu undanþágubeiðna hefur almennt gengið vel. Nefndin hefur lagt áherslu á að mikilvægt er að umsóknir til nefndarinnar séu vel unnar og að þeim fylgi viðeigandi gögn og upplýsingar. Þetta á sérstaklega við um upplýsingar um hvernig auglýsingaskýldu um lausar kennslustöður hefur verið uppfyllt og í tilvikum þegar um er að ræða að skólastjóri vill ráða starfsfólk án réttinda þrátt fyrir að fyrir liggi umsóknir frá réttindakennurum. Undanþágunefnd grunnskóla hefur haft það að venju að senda dreifibréf til skólastjóra í vorbyrjun með leiðbeiningum vegna umsókna.

Umsýsla undanþágunefndar grunnskóla fluttist frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til Námsgagnastofnunar í nóvember 2014 og tók Menntamálastofnun síðan við umsýslunni 1. júlí 2015 þegar Námsgagnastofnun var lögð niður með tilkomu laga um Menntamálastofnun nr. 91/2015.

25. maí 2016

f.h. undanþágunefndar grunnskóla


Erla Ósk Guðjónsdóttir
formaður